

## REGLUR

### um kosningu í dreifbýlisráð í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

#### 1. gr.

##### *Almennt.*

Kosning í dreifbýlisráð Sveitarfélagsins Stykkishólms skal fara fram á árinu 2023 á grundvelli þessara reglna, reglugerðar nr. 323/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga og sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Reglur um kjörskrá og kosningarrétt skulu fara skv. kosningalögum.

#### 2. gr.

##### *Kosningarréttur og kjörgengi.*

Kosningarrétt í kosningu til dreifbýlisráðs hafa íbúar viðkomandi hluta sveitarfélagsins sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu samkvæmt kosningalögum, með þeim takmörkunum sem lýst er í 2. mgr., samkvæmt kjörskrá.

Valdmörk dreifbýlisráðs miðast við sveitarfélagamörk Helgafellssveitar eins og þeim er lýst á sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands frá 2014 og búsetu í Ögri.

Kjörgengur í dreifbýlisráð er hver sá sem hefur skráð lögheimili í þeim hluta sveitarfélagsins sem lýst er í 2. mgr. Sveitarfélagið getur boðið þeim sem hyggjast bjóða sig fram í dreifbýlisráð að birta um sig stutta kynningu á upplýsingasíðu um kosninguna.

#### 3. gr.

##### *Kjörskrá.*

Enginn getur neytt kosningarréttar við kosningu í dreifbýlisráð nema nafn hans sé á kjörskrá þegar kosning fer fram. Á kjörskrá eru þau sem hafa kosningarrétt og skráð voru með lögheimili í viðkomandi hluta sveitarfélagsins samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár Íslands kl. 12 á hádegi 38 dögum fyrir kjördag.

Um auglýsingu kjörskrár vegna kosningar í dreifbýlisráð gildir 1. og 2. mgr. 30. gr. kosningalaga og um leiðréttingar á kjörskrá og kærur vegna leiðréttingar á kjörskrá gilda 32. gr. og 33. gr. kosningalaga. Ekki skal gera leiðréttingar á kjörskrá eftir að kosning er hafin.

Notast skal við prentaða kjörskrá við kosningu í dreifbýlisráð.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga og ákvæði kosningalaga um kjörskrá vegna íbúakosninga sveitarfélagsins.

#### 4. gr.

##### *Kjörstjórn.*

Yfirkjörstjórn sem kosin er á grundvelli kosningalaga fer með hlutverk kjörstjórnar vegna kosningu í dreifbýlisráð. Um hlutverk kjörstjórnar gildir reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga.

#### 5. gr.

##### *Kjörgögn.*

Um kjörgögn vegna kosningar í dreifbýlisráð gildir ákvæði reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga, sbr. þó 2. mgr.

Við kosningu í dreifbýlisráð gildir ákvæði reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga að undanskildum eftirfarandi atriðum:

Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum.

Varðveita skal ónotaða kjörseðla með tryggilegum hætti.

#### 6. gr.

##### *Framkvæmd atkvæðagreiðslu.*

Atkvæðagreiðsla getur hafist í fyrsta lagi 36 dögum eftir að boðið er til kosningar í dreifbýlisráð. Tímabil atkvæðagreiðslu skal vera 2 vikur.

Kjósandi skal gera þeim sem sinnir atkvæðagreiðslunni grein fyrir sér, svo sem með því að framvísa persónuskilríkjum með nafni, kennitölu og mynd, eða á annan fullnægjandi hátt að mati fulltrúa kjörstjórnar.

Tíu dögum áður en til atkvæðagreiðslunnar er boðað skal tilkynna á vefsíðu sveitarfélagsins að fyrirhuguð sé kosning í dreifbýlisráð. Í tilkynningunni skal jafnframt fjalla um þær reglur sem fram koma í 3. mgr. 4. gr. og 29. gr. kosningalaga um kjörskrá. Á sama tíma skal upplýsa Þjóðskrá Íslands um boðaða atkvæðagreiðslu og á hvaða tímabili hún fer fram.

Merkja skal við nafn kjósanda í kjörskrá áður en hann neytir kosningarréttar síns. Eigi kjósandi rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni skal fulltrúi kjörstjórnar afhenda kjósanda kjörseðil. Þegar kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum fer hann með hann þar sem hægt er að greiða atkvæði án þess að aðrir geti séð hvernig kjósandi greiðir atkvæði. Hver kjósandi kýs tvo aðalmenn og tvo varamenn í dreifbýlisráð. Kjósandi skrifar á kjörseðil með skriffæri sem kjörstjórn leggur til fullt nafn og heimilisfang þeirra sem hann kýs, brýtur atkvæðið saman og leggur atkvæðið í kjörkassa í viðurvist kjörstjórnar eða fulltrúa á vegum hennar.

Atkvæðisgreiðsla skal vera leynileg og atkvæðisréttur jafn.

7. gr.

*Aðstoðarmenn kjósanda.*

Um aðstoðarmenn kjósanda skulu gilda ákvæði reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga.

8. gr.

*Kjörstaðir.*

Yfirkjörstjórn ákveður fjölda, staðsetningu og opnunartíma kjörstaða. Reglulegur opnunartími skal vera á a.m.k. einum kjörstað á því tímabili sem atkvæðagreiðsla á sér stað. Leitast skal við að fjöldi kjörstaða og opnunartími þeirra sé í samræmi við fjölda íbúa og vegalengdir innan sveitarfélagsins.

Kjörstjórn skal auglýsa kjörstað, á hvaða tíma atkvæðagreiðsla fer fram og veita aðrar nauðsynlegar leiðbeiningar varðandi atkvæðagreiðsluna.

Atkvæðagreiðsla skal fara fram fyrir kjósendur sem eiga lögheimili á heilbrigðisstofnunum, fangelsum og stofnunum fyrir fatlað fólk, innan sveitarfélagsins á tilteknum dögum og tímum sem kjörstjórn auglýsir með a.m.k. 5 daga fyrirvara á vefsíðu sveitarfélagsins og á viðkomandi stofnunum. Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessari málsgrein skal að öðru leyti fara eftir g-lið 8. gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga.

Kjörstjórn eða fulltrúi kjörstjórnar skal gæta þess að ekki fari fram kosningaáróður eða kosninga-spjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd íbúakosninga á og við kjörstað.

Á hverjum kjörstað skal vera aðstaða þar sem hægt er að greiða atkvæði án þess að aðrir geti séð hvernig kjósandi greiðir atkvæði.

9. gr.

*Talning atkvæða.*

Um talningu atkvæða skal gilda reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga.

Í kosningu í dreifbýlisráð skulu a-c-liður 12. gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga gilda um talningu atkvæða. Að öðru leyti ákveður kjörstjórn hvernig talning atkvæða fer fram.

Þeir tveir einstaklingar sem fá flest atkvæði eru kjörnir aðalmenn í dreifbýlisráð og varamenn þar á eftir í samræmi við fjölda atkvæða. Fá í fulltrúar jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti.

Sveitarstjórn kynnir niðurstöðu talningar á vefsíðu sveitarfélagsins. Yfirkjörstjórn skal tilkynna aðalmönnum og varamönnum um kosningu þeirra.

10. gr.

*Gölluð atkvæði.*

Atkvæði skal meta ógilt ef:

- a. kjörseðill er auður,
- b. ekki má með öruggum hætti sjá hvaða einstaklingum kjósandi hefur viljað greiða atkvæði sitt,

- c. ætla má að merki eða áletrun á kjörseðli séu sett af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan,
- d. kjörseðill er ekki sá sem kjörstjórn hefur látið gera.

Ekki skal meta atkvæði ógilt í heild þó kjósanda hafi mistekist að tilgreina alla einstaklinga við kosninguna, enda sé atkvæði að öðru leyti gilt. Telja skal þá einungis atkvæði þeirra einstaklinga sem með skýrum hætti eru tilgreindir á kjörseðlinum.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla nema það augljóslega brjóti í bága við einn eða fleiri stafliði 1. mgr.

Ef ágreiningur verður innan kjörstjórnar um hvort atkvæði telst gilt, skal kjörstjórn úrskurða um það.

#### 11. gr.

##### *Kosningu frestað, kærur og uppkosning.*

Ef kosning ferst fyrir af óviðráðanlegum orsökum eða kosning hefur verið úrskurðuð ógild skal uppkosning fara fram innan mánaðar, með sömu kjörskrá.

Gallar á kosningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema líklegt sé að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

Kærur um ólögmæti kosninga í dreifbýlisráð skulu sendar úrskurðarnefnd kosningamála til úrlausnar innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga. Úrskurðarnefnd kosningamála skal úrskurða innan fjögurra vikna frá því að kæra berst, nema mál sé mjög umfangsmikið og skal þá úrskurða innan sex vikna, sbr. 5. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga.

Að öðru leyti fer um frestun kosninga í dreifbýlisráð, galla á kosningu, kærur og uppkosningu eftir reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga.

#### 12. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 4. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, með síðari breytingum, sbr. reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga, nr. 323/2023, öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 22. maí 2023.*

**Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson** bæjarstjóri.